

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar – september 2015 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Tekjujöfnuðurinn var lítilllega neikvæður en er betri en gert hafði verið ráð fyrir. Innheimtar tekjur jukust um 26,2 ma.kr. milli ára en móti jukust greidd gjöld um 38,3 ma.kr. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um tæpa 30 ma.kr. samanborið við jákvætt handbært fé upp á 8,8 ma.kr. 2014. Þessi viðsnúningur milli ára skýrist að stórum hluta með því að leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána sem gjaldfærð var í lok ársins 2014 kom til greiðslu nú í byrjun árs 2015.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-september 2015 (m.kr.)

	Milljónir króna		
	2013	2014	2015
Innheimtar tekjur	382.828	443.389	469.635
Greidd gjöld	412.486	434.089	472.416
Tekjujöfnuður	-29.640	9.300	-2.780
Breyting rekstartengdra eigna og skulda	7.600	-498	-27.186
Handbært fé frá rekstri	-22.040	8.802	-29.966
Fjárfestingahreyfingar	-28.384	-13.799	9.651
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-50.424	-4.997	-20.315
Afborganir lána	-91.630	-139.802	-139.769
Innanlands	-86.626	-29.398	-31.173
Erlendis	-2.471	-110.404	-108.596
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-142.054	-144.799	-160.084
Lántökur	84.989	166.878	48.221
Innanlands	81.912	50.440	48.221
Erlendis	0	116.438	0
Breyting á handbæru fé	-57.065	22.079	-111.863

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 469,6 ma.kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins sem er 5,9% meira en innheimtist á sama tímabili í fyrra. Frávik frá fjárlagaáætlun er jákvætt um 8,4% en það skýrist að mestu leyti af óreglulegum eða tilfallandi liðum. Af heildartekjum tímabilsins námu skatttekjur og tryggingagjöld 416,4 ma.kr. sem er 7,5% meira en á sama tíma í fyrra. Þegar leiðrétt er fyrir fjármagnstekjuskatti ríkissjóðs sjálfs eru skatttekjur og tryggingagjöld 19,6 ma.kr. eða 5% yfir áætlun.

Skattar á tekjur og hagnað jukust um 13,9% á milli ára og námu samtals 168,7 ma.kr. Tekjuskattur einstaklinga nam 89,5 ma.kr. sem er 5,9% meira en í fyrra og 1,4 ma.kr. eða 1,6% yfir áætlun. Staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars tímabilið janúar-september jókst um 7,8% á milli ára. Hluti ríkissjóðs í henni, þ.e. tekjuskatturinn, jókst um 9,1%. Tekjuskattur lögaðila jókst um 41,5% frá fyrra ári og nam 42,4 ma.kr. Þar af nam sérstakur fjársýsluskattur 8,2 ma.kr. Hafa þarf í huga að innheimta af lögaðilum er til bráðabirgða fram að álagningunni sem fór fram í lok október, og þessi þróun skýrist því betur þegar uppgjör október- og nóvembermánaða liggur fyrir.

Fjármagnstekjuskattur skilaði samtals 36,8 ma.kr sem er aukning um 9,5% á milli ára. Þar af nam fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði sjálfum 6,7 ma.kr. en sá hluti flokkast sem óreglulegur liður. Hin háa fjárhæð skýrist af arðgreiðslu Landsbanka Íslands, en greiddur fjármagnstekjuskattur af henni nam 4,7 ma.kr. Ef fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs er undanskilinn nam fjármagnstekjuskattur 30,1 ma.kr. sem er 5,5 ma.kr. yfir áætlun og 8,9% aukning á milli ára. Sá sami fyrirvari gildir þó um fjármagnstekjuskattinn og gildir um tekjuskatt lögaðila, að um bráðabirgðatölur er að ræða fram að álagningu á lögaðila, en í kjölfar hennar er afdreginn sá fjármagnstekjuskattur umfram álagningu endurgreiddur lögaðilum.



1.1.1 Tekjur ríkissjóðs janúar – september 2013-2015

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Skatttekjur og tryggingagjöld	349.499	387.189	416.366	4,6	10,8	7,5
Skattar á tekjur og hagnað	124.917	148.121	168.707	7,2	18,6	13,9
Tekjuskattur einstaklinga	77.870	84.560	89.527	7,9	8,6	5,9
Tekjuskattur lögaðila	22.355	29.962	42.402	-2,1	34,0	41,5
Skattur á fjármagnstekjur	24.692	33.599	36.778	14,7	36,1	9,5
Eignarskattar	9.166	9.697	5.796	-0,9	5,8	-40,2
Skattar á vöru og þjónustu	151.992	161.279	170.852	3,8	6,1	5,9
Virðisaukaskattur	96.855	105.477	115.115	4,1	8,9	9,1
Vörugjöld af ökutækjum	3.434	3.798	5.242	8,7	10,6	38,0
Vörugjöld af bensíni	8.942	9.034	9.175	-0,7	1,0	1,6
Skattar á olíu	5.189	5.437	5.869	1,7	4,8	7,9
Áfengisgjald og tóbaksgjald	12.891	13.649	13.905	4,6	5,9	1,9
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	24.681	23.884	21.546	4,0	-3,2	-9,8
Tollar og aðflutningsgjöld	3.739	4.158	4.169	-30,2	11,2	0,3
Aðrir skattar	9.159	10.196	9.289	13,9	11,3	-8,9
Tryggingagjöld	50.526	53.738	57.553	4,1	6,4	7,1
Fjárframlög	260	196	237	-59,5	-24,6	20,9
Aðrar tekjur	32.401	54.597	53.032	17,4	68,5	-2,9
Sala eigna	669	1.406	-	-	-	-
Tekjur alls	382.828	443.389	469.635	5,3	15,8	5,9

Eignarskattar drógust talsvert saman frá fyrra ári eða um 40,2% og námu 5,8 ma.kr. á tímabilinu sem er 1,4 ma.kr. yfir áætlun. Samdrátturinn á milli ára skýrist af brottfalli auðlegðarskatts frá og með síðustu áramótum. Stimpilgjöld námu 2,9 ma.kr. sem er 14,3% yfir áætlun og aukning um 17,3% frá því í fyrra. Skýringin á aukningu tekna af stimpilgjöldum milli ára liggur líklegast í vaxandi umsvifum á fasteignamarkaði. Tekjur af erfðafjárskatti jukust um 12% á milli ára og námu 1,6 ma.kr. sem er 2% yfir áætlun. Stærstur hluti fráviksins frá áætlun liggur þó í umtalsverðum eftirhreytum af auðlegðarskatti, sem nema alls 1 ma.kr. á þessu tímabili.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 5,9% á milli ára og námu samtals 170,9 ma.kr. sem er 3 ma.kr. eða 1,8% yfir áætlun fjárlaga. Virðisaukaskattur vegur þyngst í þessum flokki skatta og nam hann 115,1 ma.kr. á tímabilinu sem er 0,2 ma.kr. eða 0,2% yfir áætlun fjárlaga og aukning um 9,1% á milli ára. Innheimta virðisaukaskatts er heldur minni en við hefði mátt búast þegar tekið er mið af því að magn einkaneyslu hefur aukist meira en reiknað var með í fjárlögum, en á móti kemur að verðbólga hefur verið minni og verðlag virðisaukaskattsskyldrar veltu því í mörgum tilvikum lægra. Innheimtan er þó í samræmi við áætlun á fyrstu níu mánuðum ársins, og verður áhugavert að sjá niðurstöðu októbermánaðar þegar virðisaukaskattur af veltu í júlí og ágúst var á gjalddaga.

Vörugjald af ökutækjum nam 5,2 ma.kr. sem er 1 ma.kr. eða 23,1% yfir áætlun og 38% meira en í fyrra. Aukningin á milli ára skýrist af fjölgun innfluttra bifreiða. Vörugjöld af bensíni eru 0,1 ma.kr. yfir áætlun og skiluðu þau 9,2 ma.kr. sem er 1,6% meira en í fyrra. Olíugjaldið jókst um 7,9% frá því í fyrra og skilaði 5,9 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. yfir áætlun. Kolefnisgjaldið er á áætlun og nam 2,7 ma.kr. sem er 10,2% aukning frá fyrra ári. Innheimta bifreiðagjalds stendur í 6,4 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. undir áætlun.

Tekjur af áfengisgjaldi námu 9,5 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. eða 1,3% yfir áætlun og aukning um 3,4% á milli ára. Tekjur af tóbaksgjaldi eru á hinn bóginn 1,8% undir áætlun og námu 4,4 ma.kr. á tímabilinu sem er 1,3% minna en í fyrra. Sala áfengis á fyrstu 9 mánuðum ársins, mæld í vínanda allra tegunda samtals, var



1,8% meiri í ár en í fyrra. Tóbakssala var 2,9% minni að magninu til en hún var á sama tímabili í fyrra (sala vindlinga).

Tollar og aðflutningsgjöld námu 4,2 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. eða 9% yfir áætlun og 0,3% aukning frá fyrra ári.

Tekjur af tryggingagjöldum námu 57,6 ma.kr. á tímabilinu sem er á áætlun og 7,1% aukning frá því í fyrra. Þar af nam almenna tryggingagjaldið (ásamt Fæðingarorlofssjóði) 45,9 ma.kr. og atvinnuþryggingagjaldið 11,1 ma.kr.

Aðrir skattar eru 0,6 ma.kr. undir áætlun og námu samtals 9,3 ma.kr. sem er samdráttur upp á 8,9% á milli ára. Þar af námu skattar á launagreiðslur og vinnuafli 4,5 ma.kr. Fjársýsluskatturinn, sem lagður er á fjármálafyrirtæki og tryggingafélög, dróst saman um 9% á milli ára og nam 2,1 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. undir áætlun. Samdrátturinn milli ára stafar að hluta af því að innheimtan í janúar 2014 byggðist á 6,75% skatthlutfalli en 5,5% í janúar 2015. Einnig hefur skattstofninn á fyrstu níu mánuðum ársins lækkað um 5,9% á milli ára.

Aðrar tekjur en skatttekjur drógust saman um 2,9% milli ára á fyrstu níu mánuðum ársins og námu samtals 53 ma.kr. Stærsti einstaki liðurinn er 23,5 ma.kr. arður frá Landsbankanum sem greiddur var í lok mars. Tekjur af arði frá öðrum félögum námu 5,7 ma.kr. Vaxtatekjur námu samtals 10,4 ma.kr. sem er 4,2% minna en á sama tímabili í fyrra og veiðigjaldið skilaði 5,3 ma.kr. á tímabilinu sem er 6,8% minna en í fyrra.

Greidd gjöld námu 472,4 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 38,3 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 8,8% sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greiningu á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Þróun útgjalda eftir málaflökkum janúar-september 2013-2015

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Fjármagnskostnaður	54.860	55.734	56.886	-3,9	1,6	2,1
Almenn opinber þjónusta	38.020	38.478	40.537	9,3	1,2	5,3
Almannatryggingar og velferðarmál	99.571	102.318	103.711	-3,3	2,8	1,4
Heilbrigðismál	94.474	101.882	109.652	7,2	7,8	7,6
Efnahags- og atvinnumál	40.970	45.758	65.778	2,7	11,7	43,8
Menntamál	39.984	40.378	43.198	5,7	1,0	7,0
Menningar, íþróttar og trúmál	13.336	13.567	13.968	10,8	1,7	3,0
Lög- og réttargæsla	16.241	16.482	16.602	3,3	1,5	0,7
Önnur útgjöld	15.012	19.491	22.083	10,5	29,8	13,3
Gjöld alls	412.468	434.089	472.416	2,6	5,2	8,8

Þróun málaflökkanna er rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflokks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við fjárlög og fjárukalög fyrir þetta tímabil eins og þeim hefur verið dreift yfir árið út frá áætlaðri dreifingu raunútgjalda. Þá er búið að bætast inn í áætlunina flutt fjárheimildastaða frá fyrra ári sem bætist við eða dregst frá heimildum ársins eftir því hvernig staða fyrri ára endaði.

Útgjöld einstakra málaflokka - frávík milli ára janúar-september 2014-2015

	2015	2014	% breyt.
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	2.972	2.987	-0,5



Fjármálastjórnsýsla ríkisins	7.933	7.469	6,2
Utanríkismál	8.942	8.997	-0,6
Önnur almenn opinber þjónusta	7.355	6.518	12,8
Fjármagnskostnaður	56.886	55.734	2,1
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	13.335	12.508	6,6
Almenn opinber þjónusta	97.422	94.212	3,4
Lög- og réttargæsla	16.602	16.482	0,7
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	4.816	4.738	1,6
Landbúnaðarmál	10.063	10.050	0,1
Samgöngumál	19.568	19.494	0,4
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	4.205	3.621	16,1
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	19.129	0	#DIV/0!
Önnur efnahags- og atvinnumál	7.998	7.854	1,8
Efnahags- og atvinnumál	65.778	45.758	43,8
Lyf og lækningavörur	13.590	13.700	-0,8
Heilsugæsla	22.997	20.421	12,6
Sjúkrahúsþjónusta	47.819	44.034	8,6
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	21.775	20.542	6,0
Heilbrigðiseftirlit og stjórnsýsla	3.471	3.185	9,0
Heilbrigðismál	109.652	101.882	7,6
Menningarmál	6.394	6.185	3,4
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	7.574	7.382	2,6
Menningar- og félagsmál	13.968	13.567	3,0
Framhaldsskólastig	16.776	15.165	10,6
Háskólastig	22.993	21.732	5,8
Önnur menntamál	3.429	3.481	-1,5
Menntamál	43.198	40.378	7,0
Örorka og fötlun	26.433	25.622	3,2
Öldrun	37.088	34.661	7,0
Fjölskyldur og börn	17.722	17.150	3,3
Atvinnuleysi	9.128	10.849	-15,9
Vaxtabætur	7.110	8.274	-14,1
Önnur trygginga- og velferðarmál	6.231	5.762	8,1
Almannatryggingar og velferðarmál	103.711	102.318	1,4
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	9.267	8.046	15,2
Fjármagnstekjuskattur	7.070	5.980	18,2
Annað	5.746	5.466	5,1
Önnur útgjöld	22.083	19.491	13,3
Gjöld alls	472.416	434.089	8,8

Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 3,4% milli ára en voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir og námu 97,4 ma.kr. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta af þessari upphæð eða tæpum 60%, en hann nam 56,9 ma.kr. á tímabilinu. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 13,3 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli



ára sem var í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld vegna utanríkismála námu 8,9 ma.kr. og útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins námu 7,9 ma.kr. Þá námu útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu um 10,3 ma.kr. sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir.

Útgjöld vegna lög- og réttargæslu námu um 16,6 ma.kr. og voru svipuð og á síðasta ári. Stærstu útgjaldabættir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 2,9 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 2,3 ma.kr. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 1,2 m.kr. og annarra lögregluembættu 3,1 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld héraðsdómstóla námu 1,1 ma.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 1,1 ma.kr. og útgjöld sérstaks saksóknara 507 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála námu 65,8 ma.kr. á tímabilinu og jukust töluvert á milli ára sem var í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Einn stærsti útgjaldaliður þessa flokks er niðurfærsla vegna verðtryggðra húsnæðislána en gjaldfærsla vegna hennar nam 19,1 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir en engin gjaldfærsla var vegna þessa á sama tímabili 2014 þegar gjaldfærslan kom öll á síðasta ársfjórðungi ársins. Útgjöld til samgöngumála námu rúmum 19,6 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári en meira en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum. Útgjöld Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta og námu þau 15,9 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 10,1 ma.kr. og eru svipuð á milli ára en greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu skýra þessi útgjöld að stærstu leyti og námu þau 8,3 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 4,8 ma.kr., útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum 4,2 ma.kr. og útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála tæpum 8 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu rúmum 109,7 ma.kr. og jukust um 7,8 ma.kr. milli ára. sem er 3,4 ma.kr. umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir, sem skýrist að stórum hluta með halla fyrri ára sem dregst frá heimildum ársins. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 13,6 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári og svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna heilsugæsluþjónustu námu tæpum 23 ma.kr. samanborið við 20,4 ma.kr. á sama tímabili 2014 sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Af þeim útgjöldum námu greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu 10,8 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu rúmum 4 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkráðsþjónustu námu 47,8 ma.kr. samanborið við rúma 44 ma.kr. 2014. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 34,5 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu 4,5 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 6,2 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu tæpum 21,8 ma.kr. og jukust um 1,2 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu 3,5 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu um tæpum 14 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári og heldur lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 6,4 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári. Útgjöld vegna íþróttu, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 7,6 ma.kr. þar sem helstu útgjaldabættir eru Ríkisútvarpið 2,8 ma.kr. og útgjöld vegna kirkju- og sóknamála samtals tæpir 4 ma.kr. Útgjöld til menntamála námu 43,2 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 2,8 ma.kr. milli ára en voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 16,8 ma.kr. og voru hærri en á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna háskólastigs námu tæpum 23 ma.kr. og jukust á milli ára eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu 9,9 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 8,2 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra menntamála um 3,4 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 103,7 ma.kr. á tímabilinu janúar - september og jukust um 1,4 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 26,4 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki. Útgjöld vegna öldrunarmála námu rúmum 37 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta ásamt bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld vegna



fjölskyldu- og barnamála námu 17,7 ma.kr. þar sem barnabætur og útgjöld vegna fæðingarorlofs skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 9,1 ma.kr. samanborið við 10,8 ma.kr. í fyrra sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir og skýrist með lækkun atvinnuleysis á milli ára. Útgjöld vegna annarra trygginga- og velferðarmála námu 6,2 ma.kr.

Önnur útgjöld námu 22,1 ma.kr. á tímabilinu samanborið við 19,5 ma.kr. á fyrra ári. Útgjöld vegna líffeyrisskuldbindinga námu 9,3 ma.kr. á tímabilinu, samanborið við rúma 8 ma.kr. á fyrra ári. Þá nam greiddur fjármagnstekjuskattur ríkisins 7,1 ma.kr. samanborið við tæpa 6 ma.kr. á fyrra ári.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var neikvæður um 20,3 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 5,0 ma.kr. Afborganir lána námu samtals 139,8 ma.kr. og þar af námu erlendar afborganir 108,6 ma.kr. Lántökur á tímabilinu námu alls 48,2 og voru allar innlendar.

Á fyrsta fjórðungi þessa árs keypti ríkissjóður tæplega 10% af skuldabréfi sem gefið var út í Bandaríkjadöllum árið 2011 og er á gjalddaga í júní 2016.

Í maí greiddi ríkissjóður fyrirfram lán frá Póllandi sem tekið var árið 2009 í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda eftir fall fjármálakerfisins, sem studd var af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Um var að ræða endurgreiðslu að fjárhæð 204 milljónir slota, jafnvirði um 7,3 milljarða króna.

Í júlí greiddi ríkissjóður upp eftirstöðvar svokallaðs Avens skuldabréfs að fjárhæð 192 milljónir evra auk vaxta. Upphaflegt nafnverð bréfsins var 402 milljónir evra og var það afborgunarbréf, gefið út árið 2010 með lokagjalddaga 2025.

Í ágúst leysti ríkissjóður til sín skuldabréf að nafnvirði 400 milljónir Bandaríkjadala sem gefið var út árið 2011 og er á gjalddaga í júní 2016. Heildarnafnverð útgáfunnar nam 1.000 milljónum Bandaríkjadala. Á fyrsta fjórðungi þessa árs keypti ríkissjóður tæplega 10% af útgáfunni og nema eftirstöðvar skuldar ríkissjóðs í ofangreindum skuldabréfum nú um 503 milljónum Bandaríkjadala eða um 68 ma.kr.